

Mál nr. 375/2012

**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.**

Telpa féll um girðingu á skólalóð.

Gögn.

137. Málskot, móttakið 15.8.2012, ásamt fylgigögnum.

138. Bréf X, dags 3.9.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 28.9.2010 var M, 8 ára gömul, að leik á skólalóð tiltekins skóla sem er í eigu og er rekinn af sveitarfélaginu S. Er M var að hoppa yfir lága trégirðingu, um 40-60 cm á hæð, sem afmarkar trjábeð inni á skólalóðinni, mun hún hafa rekið annan fótinn í girðinguna og féll í jörðina. Við það hlaut hún slæman brotáverka á hægri handlegg við olnboga.

Af hálfu M er því haldið fram að umrædd girðing hafi umlukið beð með litlum gróðri og vegna hinnar lágu hæðar girðingarinnar hafi verið auðvelt fyrir börn að fara yfir girðinguna og þau ekki áttað sig á að girðingin hafi verið til að koma í veg fyrir að farið væri yfir gróðurbeðin. Hafi slysaþetta miklu fremur stafað af girðingunni. Jafnframt hafi eftirlit með börnum á skólalóðinni ekki verið nægilegt. Slysið verði rakið til þessa og hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem gefur til kynna að umrædd girðing og frágangur hennar hafi farið í bága við skráðar réttarreglur, þ. á m. ákvæði í reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og eftirlit með þeim og reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, eða hún hafi á annan hátt verið vanbúin eða hættuleg þannig að ábyrgð verði lögð á S vegna þess slyss sem M varð fyrir. Er slysið varð munu fimm starfsmenn skólans hafa verið við eftirlitsstörf á skólalóðinni. Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til að ætla að slysið verði rakið til þess að of fáir starfsmenn hafi verið við eftirlit á lóðinni eða að þeir hafi ekki sinnt starfsskyldum sínum með viðunandi hætti. Að öllu virtu verður ekki séð að S beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M varð fyrir umrætt sinn. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 25. september 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.